**Nd.** **696. Nefndarálit** [250. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 67/1966, um vélstjóranám.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess með svofelldri

BREYTINGU:

Í stað 2.—6. mgr. 1. gr. (Ráðherra ... hverju sinni) komi:

Ráðherra skipar sjö manna skólanefnd með þessum hætti: Tveir nefndarmanna skulu skipaðir eftir tilnefningu Vélstjórafélags Íslands, einn eftir tilnefningu Fiskifélags Íslands, einn eftir tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands, tveir eftir tilnefningu Skólafélags Vélskóla Íslands úr hópi reglulegra nemenda skólans, en formaður nefndarinnar skal skipaður án tilnefningar. Sjö varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Tilnefning nemendafulltrúa gildir til eins árs, en hinna til fjögurra ára.

Alþingi, 3. apríl 1974.

Ragnar Arnalds, form., frsm.
Páll Þorsteinsson, fundaskr.
Auður Auðuns, með fyrirvara.
Þorv. Garðar Kristjánsson, með fyrirvara.
Ásgeir Bjarnason.
Jón Árm. Héðinsson.
Steingr. Hermannsson.